


ALDASKIPTIN MESTU OG VERSTU Í SÖGU GRIKKJA

OG TÖFIN HÁSKALEGA, SEM AF ÞEIM HLAUST

I

Líklegt virðist mega telja, að engin þjóð hafi átt sér fegri mannanöfn og hugvitsamlegri, en Forn-Grikkir. Og merkilega gátu þau oft átt vel við, þó að ekki sé annað vitað, en að gefin hafi verið á barnsaldri, löngu áður en sá sem bar, gat hafa til þeirra unnið. Og vel á þetta við um nafn þess manns, sem svo mjög kemur við sögu aldaskipta þeirra, sem hér ræðir um. Því að nafnið Alkibiades þýðir: sá sem er hraustur og öflugur, en einnig ofstopamaður. En þó vantar nokkuð í nafnið, því að Alkibiades var ekki einungis frábær að líkamshreysti og uppivöðslusemi, heldur einnig að viti og karlmannlegri fegurð. Xenófón minnst í bók sinni um Sókrates á tiltakanlega fallegan dreng, sem verið hafi sonur Alkibiadesar; og sagt er frá því, að drottning Agisar konungs í Spörtu hafi miklast af því að hafa átt barn með hinum svo frábærlega fagra og hetjulega Apenumanni. En Agis konungur leit þá nokkuð öðruvísi á það mál, og mun það hafa átt sinn þátt í að ævi hetjunnar varð ekki lengri.

Alkibiades var mjög stórættaður maður. Faðir hans hét Kleinias — en það gæti víst á íslensku þýtt Hróðnir — og barðist hann við mikinn orðstír í frægri sjóorustu, á skipi sem hann átti sjálfur; en féll í orustu á landi, skömmu síðar. Var Alkibiades þá mjög ungur, en frændur hans Perikles og Arífrón tóku hann þá að sér og sáu um menntun hans og uppleddi, og þykir mér þó líklegra, að það hafi verið af eigin hvötum en með ráði föstra sinna, sem Alkibiades gerðist lærisveinn Sókratesar. En býsna ólíkur í skapi var lærisveinninn þar kennara sínum. Því að nafnið Sókrates þýðir: sá sem er stilltur vel, hefir góða stjórn á sjálfum sér, er mátt-



Alkibiades (450—406 f. Kr.).

ugur með hóflyndi. Og nokkuð svipuð er þýðing nafnsins Arífrón: hið besta skapi farinn. En Perikles þýðir: alfrægur, og átti það nafn mjög vel við, því að enginn borgarstjóri mannkynssögunnar mun vera frægari en þessi borgarstjóri, sem einnig var ríkisstjóri.

Það gæti verið gaman að segja hér nokkru meira frá Alkibiades, eftir frumheimildunum; en það leyfir hvorki rúm né tími, enda aðaltilgangurinn með kafla þessum, að stuðla að nokkrum auknum skilningi á sögu Grikkja og raunar mannkynsins alls.

II

Pelopseyjarófriðinn, þrjátíu ára stríðið gríska (431—404 f. Kr.) má telja mestu óheillatíðindin í sögu þessa stórmerka fólks. Urðu þá aldaskipti, og að vísu þannig, að aldrei varð síðan eins vel um gríska menningu og verið hafði áður. Aldrei síðan tókst að komast aftur á þá framfaraleið, sem farið var útaf með ófriði þessum. Og styrjöldinni var samfara árferði verra en dæmi voru til þar í löndum, illviðri, uppskerubrestur, jarðskjálftar og drepsóttir. Og mun drepsoúttin mikla þar í borginni drjúgum hafa valdið því, að farið var að halla á Aþenumenn. Og er svo hafði lengi gengið, segir Alkibiades, að hann sjái ráð til að rétta hlut Aþenumanna. En það var að gera út mikinn flota og fara herför til Sikileyjar. Þetta þótti snjallræði, og var nú þessi för undirbúin eins og framast var unnt. Voru í flotanum 100 herskip, sem ekki er ólíklegt að tekið hafi fram öllum herskipum, sem á flot höfðu verið sett áður. Og eftir því voru áhafnirnar. Og flotaforinginn var Alkibiades ásamt 2 öðrum. En skömmu áður en lagt var af stað í þessa sigurför, sem menn voru svo vongóðir um að verða mundi, voru unnin spjöll á mörgum marmaramyndum af guðnum Hermesi þar í borginni og var Alkibiades um kennt. En sennilegt er eftir því sem sagnaritaranum Plútark segist frá, að hann hafi verið alveg saklaus af þessu verki. Alkibiades krafðist þess nú, að málið væri þegar í stað rannsakað og dæmt, en óvinir hans fengu því ráðið, að þetta var ekki gert,

fyrir en flotinn var kominn áleiðis til Sikileyjar. Er nú sent skip á eftir flotanum til að sækja Alkibiades, svo að hann geti staðið fyrir máli sínu, en hann gegnir þessu ekki og tekst að flýja og komast til Spörtu. Þar fær hann þá frétt, að hann hafi til dauða verið dæmdur í Aþenuborg. Varð hann nú reiður mjög og hugði á hefndir. Spartverjar höfðu ætlað að hjálpa Sýrakúsingum, en voru hættir við það. Nú var það ráð aftur upp tekið, að áeggjan Alkibiadesar. Varð þetta Aþenumönnum til hinnar mestu ógæfu, því að það var einungis vegna hjálparinnar frá Spartverjum, sem Sýrakúsingum tókst að hrinda árás flotans frá Aþenu, og bjarga borginni. Og ekki einungis það. Aþenumenn biðu þarna svo herfilegan ósigur, að ekki eitt skip þessa glæsilega flota, sem svo miklar vonir höfðu verið settar til, kom aftur, og aðeins fáeinar hræður af hinu fríða liði.

Saga Þúkýdídess af þessum tíðindum er talin eitt hámarkið í heimsbókmenntunum; en þó finnst mér, er ég les Heimskringlu, sem ennþá betur mundi Snorri Sturluson hafa frá slíku sagt, og má í því sambandi minnst orða Magnúsar konungs Hákonarsonar við Sturlu skáld Þórðarson, er hann hafði flutt honum kvæði: „Þat ætla ek, at þú kveðir betur en páfinn“, sagði hann. Og varð þá ekki lengra til jafnað. En ekki var Sturla annar eins snillingur og Snorri föðurbróðir hans.

III

Það er undarlegt að hugsa sér, hversu stórkostlegar urðu afleiðingarnar af þessu óviturlega athæfi Aþeninga gagnvart hinum mikla atgervismanni. Það virðist alveg vafalaust, að þessi leiðangur Aþenumanna til Sikileyjar hefði orðið hin mesta sigurför, ef Alkibiades hefði stjórnað honum áfram, eins og til stóð. Þúkýdídes segir, að herforingjahæfileikar hans hafi verið óviðjafnanlegir. Og sigurinn á Sikiley hefði aftur vafalaust haft það í för með sér, að hin langvinna styrjöld hefði verið til lykta leidd með fullum sigri fyrir Aþenumenn. En Aþenuborg var höfuðsetur grískrar menningar, og Spartverjar menntamenn miklu síðri. Varð það því

grískri menningu miklu meiri hnekkir, að styrjöldinni lauk með því að Aþenumenn voru gersigraðir. Og ekki einungis það. Vegna þess að Aþenumönnum tókst svona ógæfusamlega til gagnvart Alkibiadesi, breyttist gangur mannkynssögunnar mjög til verri vegar en orðið hefði að öðrum kosti. Tilgangurinn var, þegar Sikiley væri unnin, að ráðast þaðan á hina miklu Karthagóborg og leggja hana undir Aþenveldi. Og þarf varla að efa, að það mundi hafa tekist. Hefði Aþenuborg þá orðið höfuðborg í heimsveldi löngu á undan Róm. Og virðist mega líta svo á, sem þá hefði betur verið. Því að þótt Rómverjar lærðu margt af Grikkjum, og stæðu þeim ef til vill jafnvel framar um sumt, þá stóð rómversk menning, jafnvel þegar best var, í verulegum atriðum, að baki grískri. T. d. má nefna þetta: Spekingurinn Seneca kvartar yfir því í einu af bréfum sínum til Luciliusar, að svo sé nú komið í Rómaborg, að menn láti sér ekki annað líka, en sjá menn drepna á leiksviðinu. En þesskonar „leikir“ urðu aldrei að neinu ráði vinsælir í grískum borgum. Hið gríska „Peatron“ varð aldrei eins ógöfugur skemmtistaður og hinn rómverski „Circus“.

Og svo er annað og ennþá meira. Ef sigur hefði unnist á Sikiley undir forustu Alkibiadesar, mundu Grikkir hafa lagt undir sig Karthagó (sem á þeirra máli hét Karkhedón), nærri þrem öldum áður en Rómverjar eyðilögðu þessa miklu borg. H. G. Wells talar í mannkynssögu sinni með nokkurri beiskju um eyðileggingu þessarar borgar, og kemst oftast en einu sinni svo að orði, að Rómverjar hafi myrt (murdered) Karthagó, og telur illa farið. Þykir mér það gegna furðu nokkurri. Karthagó var að vísu mikil borg, talið að íbúar þar hafi verið um 1 milljón, þegar uppgangur Karthagómannanna var sem mestur, og um 700 000, eða álíka og í Stokkhólmi nú, er borgin hafði rétt við eftir ósigur í styrjöld við Rómverja. En í 3. púnverska stríðinu, er svo var nefnt, lögðu Rómverjar borgina alveg í rústir. Og tel ég það vel farið. Því að Karthagó var, þrátt fyrir auð og völd, ein af svívirðilegustu borgum, sem á þessari jörð hafa verið. Guðsdýrkunin þar hafði tekið á sig þá hryllilegu mynd, að ungbörnum var

fleygt í eld. Þetta héldu þeir að væri hinum æðsta guði þeirra, sem þeir nefndu Baal-Ammon, eða Moloch, sérstaklega velþóknanlegt. Það voru fyrstu börn foreldranna, sem svona hroðalega voru leikin, frumburðirnir og hlýtur það að hafa verið mikill fjöldi barna, eða svo þúsundum skipti, mjög mörgum, allan aldur borgarinnar, sem hlaut þennan skelfilega dauða, þar eð þess er ekki getið, að neinir foreldrar hafi verið undanteknir þeirri skyldu, að þjóna guði sínum á þennan hátt. Og er varla hægt að hugsa sér annað, en að þeir foreldrar hljóti að hafa verið margir, sem þessi tegund guðsdýrkunar hlaut að sviða sárt.

Ef nú Grikkir hefðu lagt undir sig hina miklu borg um 400 árum f. Kr., eða um 2½ öld áður en Rómverjar eyðilögðu borgina, þá hefði sennilega mikill fjöldi barna komist hjá því að láta líf sitt á þennan hryllilega hátt, í hinu glóandi líkneski Mólokks.

Að eins ótrúlega skelfilegt athæfi eins og það er, að fleygja ungbörnum í eld, skyldi geta við gengist, og það öld eftir öld, virðist vera mjög greinileg bending um það, að heimspekingarnir grísku, sem kenndu, að hið guðlega náí aðeins mjög ófullkomlega og naumlega til vor hér á jörðu, hafi haft rétt fyrir sér.

IV

Grísk heimspeki hafði ekki einungis skilið, að hið guðlega nær ekki til vor hér á jörðu, heldur var þar einnig orðið það upphaf, sem nauðsynlegt var að haldið yrði áfram af, til þess að bót gæti orðið ráðin á þessum aðalvandræðum. Það má nú að vísu segja, að allar fórnfæringar hafi átt upptök sín í þessari nauðsyn á sambandi við æðri verur; en það er augljóst af þeim aðferðum, sem hafðar voru, að um skilning var ekki að ræða í þessum efnum. Og ekkert sýnir betur ágæti grískrar menningar en það, að þeir sem mestir voru vitringar grískir, voru í þessu aðalatriði að komast á hina réttu leið; og er þar fyrstan að telja þennan furðulega vitring Pyþagoras. Og Platón hafði með hinni undursamlega merkilegu sköpunarsögu sinni og fyrirmyndafræði tekið vel

í þann streng. En með þrjátíu ára stríðinu gríska, og ósigri Aþenumanna í þeim ófriði, varð endir á þeim framförum. Síðari spekingar gátu ekki haldið áfram af því, sem allraþýðingarmest hafði verið í tilraun hinnar grísku speki til að átta sig á heiminum og lífinu.

Þetta var langalvarlegasta tjónið, sem af þessum mesta ófriði Grikkja hlaut, tjón sem tekur til alls mannkyns, og svo alvarlegs eðlis er, að enn er ekki vitað, nema þar hafi verið um að ræða úrslitaósigur fyrir framtíð mannkynsins á þessari jörð.

Nafnið Aristoteles þýðir: sá sem atgjörvismaður er í besta lagi. Og það var vissulega ekki rangnefni að því leyti til, að þessi frægasti lærisveinn Platóns, er svo hét, mátti vel heita undramaður að viti og áhuga á að efla þekkingu. Hann hefir réttilega verið nefndur „faðir dýrafræðinnar“, og vann hann þar frábært afreksverk. En sköpunarsögu hins mikla kennara síns tók hann ekki upp til ávöxtunar, né heldur fyrirmyndafræði hans, þar sem þó allramest reið á að haldið væri áfram. Og svo erfitt hefir verið um þá tilraun, að það er ekki fyrr en nú, 2000 árum og þó öldum meir, eftir daga hinna grísku höfuðspekinga, sem tilraunin hefir verið tekin upp svo að nokkur framgangur hafi orðið að. Og þó að ekki sé mikill framgangur enn orðinn að þessari tilraun, þá er þó séð til sanns, hver er hin rétta átt í þessu mikla máli; eða með öðrum orðum: það er örugglega komið á vísindaleiðina. Og nú á eftir að koma í ljós, hvort Íslendingar verða, þrátt fyrir erfiða fortíð, meiri gæfubjóð en Grikkir. En svo ört fara hætturnar vaxandi, eins og öllum er nú kunnugt orðið, að ekki þarf að furða sig á, þó að skáldið og vitringurinn H. G. Wells hafi verið orðinn eins bölsýnn um framtíð mannkynsins eins og sagt er af hér áður (í kafla þeim er heitir: Íslensk vísindi og framtíð mannkynsins). Og satt að segja, þá er lítil ástæða fyrir mig til að vera bjartsýnn, svo illa sem menn hafa hér á landi reynst þessu máli. En það sem ég get sagt með vissu, er þetta: Ef sannleikurinn verður þeginn, þá verður ófriður þessi, sem því miður er ekki hægt að segja með sanni, að sé lokið enn, síðasta styrjöldin á þessari jörð.

En verði sannleikanum hafnað, þá er hvorki góðrar framtíðar að vænta né langrar fyrir mannkyn jarðar vorrar.

Spurningin verður nú þessi: hvað lengi má það dragast, að menn vilji færa sér í nyt þann sannleika, sem hér á Íslandi hefir fyrst verið fundinn? Og virðist óhætt að svara þeirri spurningu á þá leið, að ekki þurfi að örvænta þó að það dragist nokkuð. Og er að vísu við því að búast, að svo verði. Því að það er eitt aðaleinkenni helstefnumannkyns, að meta jafnan sannleikann lítils, og það því fremur sem hann er meira verður. Mætti þess nefna mörg dæmi úr sögu vísinda og heimspeki. Séð hefi ég þess getið t. d., að þekkingarauki, sem var þó stærðfræðilega sannaður, eins og frægasta uppgötvun Newtons, hafi ekki verið að ráði þeginn fyrir en hb. hálfri öld eftir að fyrst hafði verið frá honum sagt á prenti. Og var þá að vísu tregðan gagnvart vísindalegu verki mun meiri en síðar. En nefna má annað dæmi um sannleik, sem seint var þeginn og hefir þó orðið mjög frægur. Lamarck, einn af ágætustu náttúrufræðingum, sem verið hafa, vann mjög lítið á með hinni stórmerkilegu bók sinni Philosophie zoologique (Heimspeki dýrafræðinnar, eða öllu heldur: líffræðileg heimspeki). En sú bók kom út 1809. En sigurinn vannst, eða hófst, með bók Darwins um uppruna tegundanna, sem kom út 1859. Og er að vísu efni þessara bóka talsvert skylt mínu erindi. Því að af því mun leiða, ef það verður þegið, allmikla breytingu á ýmsum líftegundum jarðar vorrar; og þá merkilegasta, að fram mun koma ný manntegund, sem nefna mætti homo sapientior. Vort mannkyn nú heitir í dýrafræðinni homo sapiens; en sapientior þýðir: vitrari, betur skynsemi gæddur. Homo sapiens mun breytast í homo sapientior. Það verður það sem í dýrafræðinni er nefnt skyndibreyting (Mutation). Og sapientior, hinu vitrara mannkyni, mun takast það, sem sapiens (mannkyni sem ekki er vitrara en vér erum ennþá) hefir reynst ókleift: að koma framvindu lífsins hér á jörðu í hið rétta horf.

Og jafnvel þó að sannleikurinn „epi sótería“, sá sannleikur, sem einn getur hjálpað mannkyninu til að breyta framvindunni frá helstefnu til lífstefnu, yrði ekki þeginn sem íslensk uppgötvun, þá er þó nokkur von um, að hann yrði þeginn, bæði hér og í öðrum löndum, ef hann kæmi fram sem útlend uppgötvun. Og mjög styður það vonina um að svo geti orðið, að þessar niðurstöður, sem ég komst að fyrir um það bil mannsaldri, að úrslitatímamót væru fyrir höndum í sögu mannkynsins, og jafnvel mætti segja, að verið væri á glötunar barmi, eru nú orðnar niðurstöður ýmissa framúrskarandi manna í útlöndum, náttúrufræðinga, heimspekinga og annarra. Virðist þá fremur mega telja líklegt, að einnig geti erlendis orðið komist að sömu niðurstöðum og ég, um það, sem eitt getur bjargað. Og mundi sá sannleikur þá verða þeginn einnig hér á Íslandi. En fyrir Íslendinga mun skipta eigi alllitlu fyrst í stað, hvort sá sannleikur verður þeginn sem íslensk uppgötvun eða útlend. Eða með öðrum orðum, hvort Íslendingar verða í þessu mesta máli forgönguþjóð, eins og Adam Rutherford hefir spáð að verða muni, eða sporgöngu.

Fyrsta stöðin til sambands við hina lengra komnu íbúa annarra jarðstjarna þarf að geta komið upp hér á landi. Það mundi greiða meir fyrir hinum nauðsynlegu þjóðþrifum, heldur en ef slíkri stöð væri komið upp hér, einungis eftir útlendri fyrirmynd. Sapientior, hið vitkaðra mannkyn, mun ekki éta ket, og, þegar lengra líður, jafnvel heldur ekki fisk, en aðalstarf Íslendinga til fæðisöflunar mun þá verða jarðrækt; en aðalatvinnuvegur þjóðarinnar nokkurskonar fræðslustarf. Og þá mun geta sýnt sig svo að kunnugt verður um alla jörð, hvað það þýðir, að forfeður vorir og formæður — eins og verður að bæta við, því að formæður vorar áttu t. d. ekki alllítinn þátt í framkomu þess hluta íslenskra bókmennta, sem ennþá er frægastur — hafa í meir en þúsund ár fræðum unnað framyfir flest fólk annað, og lagt stund á rækt þess tungumáls, sem geta mætti sér til, að væri eitt hið framfarahæfasta á þessari jörð.